

**Nd.**

**413. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Tveir nefndarmenn (GG og JÍv) leggja til, að það verði samþykkt, einn nefndarmanna (SK) sat hjá við atkvgr. í nefndinni. Leitað hefur verið álits fiskideildar atvinnudeildar háskólans um málið og enn fremur álits fiskimálanefndar, eru hvor tveggja prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl. Umsögn

fiskimálanefndar ber með sér, að 37 hraðfrystihús eru nú starfandi í landinu, og hafa þau kostað um 7½ milljón króna. Við hraðfrystihúsin vinna um 1500 manns, sem að mestu yrðu sviptir atvinnu 3 mánuði ársins, ef frv. þetta næði fram að ganga. Útflutningur hraðfrystihúsanna var s. l. ár um 12 milljónir króna virði, og er verulegur hluti þessa útflutnings veiddur í dragnót, einmitt haustmánuðina eða þann tíma, sem flm. frv. vilja banna dragnótaveiðar. Vinna við hraðfrystihúsin hefur komið í staðinn fyrir vinnu við saltfisksverkun, sem hefur stórum minnkað og virðist jafnvel muni leggjast niður á þessu ári, og er hún að miklu leyti stunduð af kvenfólki og öðrum, sem erfitt eða ómögulegt ættu með að leita sér atvinnu utan heimilis síns. Þá ber þess og að gæta, að dragnótaveiðar eru arðsömustu veiðar, sem þekkjast fyrir sjómenn og útgerðarmenn að haustinu, og ekki vól á að stunda aðra veiði svo nokkru nemi. Þar eð samþykkt frv. þessa þannig myndi valda landsmönnum stórtjóni, leggjum við undirritaðir eindregið til, að það verði fellt. (SEH hefur til vara lagt fram brtt. á þskj. 372.)

Alþingi, 7. maí 1941.

Finnur Jónsson,            Sig. E. Hliðar.  
form., frsm.

#### Fylgiskjal I.

#### ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Reykjavík, 2. maí 1941.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dagsettu í dag, þar sem þér biðjið um um-sögn mína um 116. frumvarp til laga, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi, skal ég taka þetta fram:

1. Aðalnytjafiskar landsins eru, eins og kunnugt er, þorskur og síld, en bæði þorsk- og síldveiðin eru að langmestu leyti „sæsonveiði“. Eitt af viðfangsefnum útgerðarinnar er að fylla upp með annarri veiði eyðurnar á milli þorsk- og síldveiðanna, og hefur dragnótin þar komið í góðar þarfir. Þess vegna er óheppilegt að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi einungis um síldveiðitímamann, júní—ág., eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

2. Öll landhelgin við Ísland er sameiginleg eign allra landsmanna, og ætti því sýslunefndum eða bæjarstjórnnum að vera óheimilt að banna dragnótaveiði á ákveðnum svæðum. Af sömu ástæðu ætli að stilla í hóf takmörkun á stærð skipa, sem heimilt er að nota dragnót, og helzt afnema slíka takmörkun, en ganga á hinn bóginn ríkt eftir því, að fyrirmælum um gerð dragnóta sé framfylgt. Stærri skipin eru einnig fær um að fiska á dýpra vatni en þau smærri, þar á meðal utan landhelgi. Þróun útgerðarinnar á að ganga í þá átt að auka „aktionsradius“ flotans: Sem flest veiðarfæri og sem stærst og bezt skip, innan þeirra marka, sem reynslan setur.

3. Mér er ekki kunnugt um, að neitt það hafi komið fram, sem bendi í þá átt, að dragnótaveiðar hafi áhrif á göngur fiska.

4. Það er kunnugt, m. a. hér við land frá því um aldamót, að mikil brögð eru að ýsugengd á þau mið, þar sem dragnót hefur verið beitt skömmu áður, og hefur verið reynt að skýra þetta þannig, að dragnótin græfi upp ýmis dýr, skeljar, orma o. s. frv., sem lifi í leirnum eða sandinum, svo að þau yrðu aðgengilegri fyrir fiskana. Á hinn bóginn tekur dragnótin að sjálfsögðu sinn stað í sjónum, en um hana gilda að sjálfsögðu sömu reglur og um önnur veiðarfæri: Að hún verður að vikja þar, sem önnur veiðarfæri (t. d. lóð) eru fyrir, og að önnur veiðarfæri verða að vikja fyrir henni, þar sem hún er fyrir.

5. Það eru aðallega þrjár af nytjafiskum vorum, sem gengið hafa til þurrðar síðari áratugi: Ýsa, skarkoli og lúða. Af öllum þessum tegundum veiðum við Íslandingar minna hér við land en útlendingar. Af allri ýsu, sem veiddist við Ísland 1937, veiddum við Íslandingar tæpl. ⅓ hluta, af skarkolanum ca. ⅓, en af lúðunni

tæpl.  $\frac{1}{10}$ . Þegar þess er gætt, að í þessari hlutdeild okkar Íslendinga hefur dragnótin aðeins átt lítinn þátt, er það ljóst, að enda þótt dragnótin væri bönnuð, myndi sú friðun, sem áynnist með því handa þessum tegundum, algerlega missa marks. Það er einkum skarkolastofninn, sem stafar hætta af dragnótinni, en löngu áður en dragnótin kom hér til sögunnar mátti rekja, hvernig honum hrörnaði vegna botnvörpuveiðanna, svo að ekki sé minnst á afdrif skarkolastofnsins í norðlægarí höfum, t. d. í Berentshafinu, vegna botnvörpuveiðanna. Að mínum dómi miðar því of mikil takmörkun á dragnótaveiði frekar að því að ræna útveginn verðmætum en að hinu, að skapa honum framtíðarhag, með tilgangslausri friðun, sem dragnótin ein verður að bera. Á hinn bóginn er það lífsnauðsyn útveginum í Norðurhöfum, að samkomulag náist milli allra aðila um viðtæka friðun (t. d. lokun Faxaflóa), og er þá sjálfsagt, að þær ráðstafanir, sem þá verða gerðar, nái jafnt til dragnotarinnar og annarra dráttarveiðarfæra.

6. Eins og nú standa sakir, eru fáir togarar hér að veiðum vegna stríðsins. Þá eru markaðshorfur þannig, að mest kapp er lagt á að fá eins mikið magn og unnt er. Af þessu tvennu leiðir, að a. m. k. skarkola og lúðu skapast ósjálfráð vernd fyrir togurunum meðan á stríðinu stendur, enda eru líkur til, vegna markaðarins, að þeir leggi nú aðalkappið á að veiða „kvantitets-fisk“, þ. e. þorsk etc. Aukið bann við dragnótaveiði, þ. e. styttri veiðitími, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, myndi því, á meðan svona stendur á, koma að hlutfallslega miklum notum, og væri það ótvírætt til bóta fyrir ekki sízt skarkolastofninn að takmarka dragnótaveiðar á meðan á stríðinu stendur. Verði sildveiðar minna stundaðar í sumari en vanalega, myndi veiðitíminn júní—ág. einnig notast betur en í „normal“ ári. Þá eru líkindi til þess, að við Íslendingar verðum á komandi árum að beita okkur fyrir almennari friðun nytjafiska vorra en nú er, á alþjóðavettvangi, og stæðum við þá betur að vígi, ef við hefðum gripið tækifærið til þess að friða skarkolastofninn fyrir dragnót, þegar við gátum gert okkur vonir um árangur. Um hitt skal ekkert sagt, hvort sú friðun kemur að notum, það fer eingöngu eftir því, hve lengi núverandi „ástand“ helzt.

Með sérstakri virðingu

Árni Friðriksson.

Til form. sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

## Fylgiskjal II.

### FISKIMÁLANEFND

Reykjavík, 7. maí 1941.

Í tilefni af heiðruðu bréfi yðar, dags. 2. þ. m., þar sem þér óskið umsagnar Fiskimálanefndar um lagafrumvarp um breytingu á lögum um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, ásamt upplýsingum sérstaklega varðandi hraðfrystihúsin á landinu o. s. frv., hefur Fiskimálanefndin á fundi sínum 6. þ. m. samþykkt svo hljóðandi ályktun:

- A) „Að fengnu nær einróma álitu frystihúsanna ákveður Fiskimálanefndin að leggja á mótí, að svo stöddu, samþykkt frumvarps þess, er fyrir liggur um breytingu á gildandi lögum um dragnótaveiðar í landhelgi, þar eð ákvæði frumvarpsins, ef að löðum yrðu, myndu verða til þess að skerða stórlega afkomumöguleika frystihúsanna og rýra atvinnuskilyrði íbúanna á viðkomandi stöðum.“
- B) Hins vegar telur nefndin nauðsynlegt, að friðuð verði, í samráði við fiskifræðinga landsins, nánar til tekin svæði innan landhelginnar, til uppeldis og viðhalds fiskstofnsins, og enn fremur að framfylgt verði betur en verið hefur settum ákvæðum um veiðar ungfiskjarins.“

Vér sendum yður hér með skrá yfir 37 hraðfrystihús, sem nú eru starfandi á landinu. Höfum vér átt tal við eigendur þeirra viðvikjandi verðmæti því, er þeir teldu bundið í húsum og tækjum, svo og viðvikjandi fjölda þess starfsfólks, er atvinnu hefur við frystinguna. Hafa þeir látið oss í té tölur þær, er meðfylgjandi skrá tilgreinir. Samkvæmt því verður samanlagt verðmæti þessara 37 hraðfrystihúsa kr. 7425000.00 og fjöldi starfsfólks kringum 1500 menn og konur.

Virðingarfyllt  
f. h. Fiskimálanefndar  
G. Albertsson.

Til form. sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Skrá yfir starfandi hraðfrystihús á landinu 1. maí 1941.

Nafn og heimili	Veðmæti kr.	Starfsfólk	
		konur	karlar
Ísbjörninn, Reykjavík .....	35000.00	30	10
Sláturfélag Suðurlands, Reykjavík .....	35000.00	30	10
Snæfell, Reykjavík .....	15000.00	15	5
Sænsk-íslenska frystihúsið, Reykjavík .....	1250000.00	(140	manns)
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum ..	700000.00	90	70
H.f. Fiskur & Ís, Vestmannaeyjum .....	225000.00	35	10
Ísfélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum .....	100000.00		
H. Böðvarsson & Co., Sandgerði .....	150000.00	16	6
H.f. Jökull, Keflavík .....	100000.00	40	8
H.f. Keflavík, Keflavík .....	200000.00	20	5
Frystihúsið í Innri-Njarðvík (E. Jónsson) .....	125000.00	40	10
Frystihúsið í Hafnarfirði (I. Flygenring) .....	150000.00	25	8
H. Böðvarsson & Co., Akranesi .....	200000.00	33	7
Sigurður Hallbjarnarson, Akranesi .....	180000.00	15	4
Hraðfrystihús Ólafsvíkur h.f., Ólafsvík .....	200000.00	40	10
Kaupfélag Stykkishólms, Stykkishólmi .....	100000.00	18	10
Ó. Jóhannesson & Co., Patreksfirði .....	250000.00	40	10
Hraðfrystihús Suðurfjarðahrepps, Bildudal .....	300000.00	40	10
Hraðfrystihús Flateyrar h.f., Flateyri .....	300000.00	40	10
H.f. Dofri, Þingeyri .....	150000.00	30	10
Íshúsfélag Súgfirðinga, Súgandafirði .....	130000.00	20	10
Íshúsfélag Bolungavíkur, Bolungavík .....	200000.00	25	6
Íshúsfélag Ísfirðinga h.f., Ísafirði .....	350000.00	45	14
Kaupfélag Skagstrendinga, Skagaströnd .....	100000.00	30	6
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki .....	200000.00	20	5
Kaupfélag Austur-Skagfirðinga, Hofsósi .....	120000.00	30	5
Hraðfrystihúsið h.f., Siglufirði .....	100000.00	30	7
H.f. Hrímnir, Siglufirði .....	200000.00	30	10
Íshúsfélag Ólafsfjarðar, Ólafsfirði .....	150000.00	25	5
Kaupfélag Eyfirðinga, Ólafsfirði, Dalvík, Hrisey og Akureyri .....	400000.00	75	40
Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík .....	250000.00	30	5
Kaupfélag Langnesinga, Þórshöfn .....	100000.00	20	5
Íshúsfélag Norðfirðinga, Norðfirði .....	200000.00	30	5
Síldarbræðslan h.f., Seyðisfirði .....	125000.00	20	4

Samtals 7425000.00